

UST202008-196

# STARFSLEYFI

*Framleiðsla á malbiki***Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf.**

Gullhella 1, Hafnarfirði

Kt.: 420187-1499

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Malbikunarstöðina Hlaðbær-Colas hf., kt. 420187-1499, til reksturs einnar malbikunarstöðvar að Gullhelli 1 og Silfurhelli 3, Hafnarfirði. Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn muni taka við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verkta ka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 240 t/klst. af malbiki. Þá er heimilt að reka tengda starfsemi. Heimilt er að geyma allt að 250 m<sup>3</sup> birgðir af biki og olíu á starfssvæðinu í litlum geymum, þar af 70 m<sup>3</sup> í hvorum bikgeymi og allt að 70 m<sup>3</sup> af dísilolíu, þar af 50 m<sup>3</sup> í stærsta dísiltanknum og gert er ráð fyrir ílátum fyrir hreinsiefni (einkum repjuolíu).

Starfsemin skal rekin í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi og reglugerðar nr. 1400/2020, um mengaðan jarðveg.

Rekstraraðila er heimilt að endurvinna malbik.

### 1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á

gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftir hvert eftirlit tekur eftirlitsaðili saman skýrslu. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

## 1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur útgefandi hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi, sbr. 2. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar.

## 1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, eftir, útbúnaði, tækjum, rekstrarvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi verði ráðstafað á viðurkenndan hátt og um annan frágang. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif.

Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila þegar ákvörðun liggur fyrir þannig að taka megi út frágang. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlunina. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu hafi rekstur malbikunarstöðvarinnar legið niðri í mánuð eða lengur af öðrum ástæðum en reglubundinni rekstrarstöðvun um vetur og tíðarfari. Gera skal Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. viðvart um stöðvanir og gangsetningar um leið og eftirlitsaðila. Einnig skal tilkynna eftirlitsaðila ef reksturinn er stórlega skertur frá því sem búast má við.

## 1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftifarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskylt er, sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.

- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun þar sem fram kemur með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef starfsemin samræmist ekki gildandi deili- eða aðalskipulagi.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

## 1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef ekki er sinnt úrbótum innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

## 1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 .

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. gr. 1.3 og gr. 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

## 1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi, sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

# 2. STARFSHÆTTIR

## 2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum og draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið.

Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Viðhald á mengunarvarnabúnaði skal vera fyrirbyggjandi.

Umhverfismarkmið fyrir reksturinn skulu endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Umhverfismarkmið skulu liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila (sjá gr. 2.4) er fullnægjandi að vísa til þeirra.

## 2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við fulltrúann utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið.

## 2.3 Verkstjórн og aðgerðir til að hefta fok á athafnasvæði

Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til vinnu í stöðinni.

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skyld að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Tryggja skal kennslu og æfingu í að bregðast við mengunaróhöppum. Rekstraraðila er skyld að ganga vel um og sýna ýtrrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Umgengni skal vera snyrtileg á rekstrarsvæði. Fjarlægja skal úrgang af lóð þegar í stað. Akstursleiðir skulu lagðar bundnu slitlagi. Tilflutningur á efni innan lóðar skal vera í lágmarki. Sópa skal bundið slitlag innan lóðar til að hindra að bílar sem þar aki beri jarðefni út fyrir lóðina. Hráefni sem geta fokið skulu geymd í lokuðum geymslum. Geymsla lofttegunda skal vera í samræmi við sérstakar öryggisáætlunar til að lágmarka hætta á mengun andrúmslofts.

Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Öll geymsla hráefna og framleiðsluvöru utan dyra skal vera á afmörkuðu svæði þar sem aðgangur óviðkomandi er bannaður.

## 2.4 Umhverfisstjórнarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórнunerkerfi kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórнunerkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001 eða þáttöku í umhverfismálakerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013, um frjálsa þáttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórнunerkerfi bandalagsins (EMAS).

## 2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Áætlunin skal vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila og senda skal Húsnaðis- og mannvirkjastofnun og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins afrit af áætluninni. Viðbragðsáætlun skal endurskoða a.m.k. á fjögurra ára fresti.

Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

## 2.6 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

## 2.7 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnað tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112 - Neyðarlínuna.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er á netfangið ust@ust.is. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt ef þörf er á að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

## 2.8 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu vegna starfseminnar að Gullhellu 1 og Silfurhellu 3, eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

## 2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarþáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megi aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

# 3. VARNIR GEVN MENGUN YTRA UMHVERFIS

## 3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir skal haldið í lágmarki.

Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Environment Guidelines on Best Available Techniques (BAT) for the Production of Asphalt Paving Mixes“, útgefið af EAPA í júní 2007.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi í samræmi við ákvæði reglugerða.

## HRÁEFNI OG ELDSNEYTI

### 3.2 Móttaka, geymsla og flutningur hráefna

Hráefni sem geta fokið skulu geymd í lokuðum geymslum. Geymsla lofttegunda skal vera í samræmi við sérstakar öryggisáætlunar til að lágmarka hættu á mengun andrúmslofts. Fljótandi hráefni og eldsneyti skal geymt í tönkum með lekavörn sem uppfyllir ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Lágmarka skal rykmengun við flutning hráefna. Hreinsa skal flutningsleiðir reglulega. Hreinsa skal hjólabúnað ökutækja sé þess þörf og skulu vera til staðar verklagsreglur um það. Færibönd sem flytja efni skulu vera yfirbyggð, þannig að ekki fjúki úr þeim.

Skúffulyfta sem tekur við steinefnum eftir þurrkun, svo og eftirfylgjandi sigti, vogir og blöndun með asfalti skal vera yfirbyggð.

Fallhæð efnis við flutning skal ekki vera meiri en 2 m.

## LOFT

### 3.3 Afsogsloft og lykt

Afsog, t.d. frá brennurum, þurrkurum, blöndurum og flutningslyftum skal hreinsa í reykhlreinsibúnaði.

Áætlun skal vera til um rekstur hreinsibúnaðar. Vöktun á reykhlreinsibúnaði er skv. gr. 4.2. Ef reykhlreinsibúnaður hættir að virka sem skyldi þá skal slökkva á stöðinni eins fljótt og auðið er og hreinsibúnaður kannaður og lagaður áður en stöðin er gangsett á ný. Útstremishraði úr skorsteini skal vera a.m.k. 20 m/s ( $\pm 10\%$ ). Umhverfisstofnun getur fallist á breytingar á þessu, sé sú krafa studd með loftdreifilíkani sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Líkanið skal gert af þriðja aðila sem hefur til þess faglegar forsendur.

Ef vart er við lyktarmengun frá starfseminni skal bregðast við með viðurkenndum BAT aðferðum.

Rekstraraðili skal sjá til þess, eins og kostur er, að bikið sem nýtt er í stöðinni sé ekki lyktarsterkt bik.

### 3.4 Skorsteinn

Útblástursloft frá reykhlreinsibúnaði skal leiða út í gegnum a.m.k. 34 m háan skorstein. Skorsteinninn skal útbúinn þannig að auðvelt sé að mæla ryk í honum.

### 3.5 Fræst malbik

Fræst malbik má nota við innmötun í blöndunareiningu. Fylgja skal aðferð sem lýst er í skilgreiningu skýrslu um bestu aðgengilegu tækni, sbr. gr. 3.1.

### 3.6 Losunarmörk í útblæstri

Útblástur skal standast eftirfarandi mörk í öllum einingum stöðvarinnar, miðað við klukkustundar meðalgildi og 17% súrefnisinnihald í útblæstrinum:

Mengunarefni	mg/Nm <sup>3</sup>
Heildarryk	50
Kolmónoxíð (CO)	500
Köfnunarefni NO <sub>x</sub> (sem NO <sub>2</sub> )	400
PAH (mæliaðferð skv. ISO 11338)	0,0020

### VATN

### 3.7 Frárennsli<sup>1</sup>

Áfyllingar og meðferð olíuefna (t.d. úðun vörubílpalla) skulu fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfall í lægsta punkti sem tengt er olíuskilju og sandfangi. Fjarlægja skal olíu úr skilju ef olía fyllir meira en 25% af rúmtaki olíurýmis og sand og leðju úr sandfangi ef magn fastefnis fer yfir 40% af vökkvarúmmáli sandfangs. Eftirfarandi losunarmörk gilda:

Mengunarefni	Losunarmörk
Olía í frárennsli	15 mg/kg
Svífagnir í fráveituvatni	50 mg/l

Niðurföll frá þvottaaðstöðu skulu leidd í olíugildru og sandfang.

### 3.8 Geymar, lagnir og lekavarnir

Frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vöksva skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017. Lagnir skulu þannig frágengnar að hægt sé að kanna hvort þær leka. Í viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5, skal kveðið á um viðbrögð vegna leka, til dæmis um búnað og efni til hreinsunar olíu sem kann að leka út, t.d. ídræg efni (ísogsefni, uppþurrkunarefni), notkun á lekabyttum og verklag við að hreinsa olíu sem lekur eða smitast út.

### ÚRGANGUR

### 3.9 Meðhöndlun úrgangs

Dregið skal skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. Spilliefni sem verða til við starfsemina skal skrá og skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Úrgangsolía skal fara til samþykkts móttökuaðila. Heimilt er að semja beint við aðila sem hefur heimild til nýtingar úrgangsolíu um móttöku á úrgangsolíu.

<sup>1</sup> Einnig gilda lög og reglugerðir um frárennsli og fráveitur, sem og lög um mannvirki.

## ANNAÐ

### 3.10 Hávaði og titringur

Rekstraraðili skal draga úr hávaða og titringi frá stöðinni eins og kostur er, til dæmis með reglulegum úrbótaverkefnum, og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu í III. viðauka og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða.

Eftifarandi aðgerðir eru dæmi um aðgerðir sem til greina gætu komið sem úrbótaverkefni, sbr. 1. málsgrein:

- yfirfara starfshætti til að draga úr hávaða,
- athuga hávaða sem verður til við meðhöndlun hráefna,
- gera skilrúm sem loka hávaða inni,
- tryggja að dyrum og gluggum sé lokað þegar hávaði er mestur.

### 3.11 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út eftir eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.5.

Rekstraraðila er skyld að ganga þannig frá mengandi eftir eða ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

## 4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

### 4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, um eftifarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði,
- skráning á vöktun mengunarvarnabúnaðar skv. gr. 4.2,
- mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim,
- kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar,
- niðurstöður dagsettra hávaðamælinga og/eða hávaðaúttekta,
- niðurstöður mælinga skv. gr. 4.2,
- magn og gerð efnis sem er sent til endurvinnslu og endurnýtingar sbr. gr. 3.9, ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar,
- prófun og kvörðun mælitækja,
- þjálfun starfsfólks, sbr. gr. 2.3,
- magn og gerð efnis sem er sent til spilliefnamóttöku.

Niðurstöður hávaðamælinga og/eða úttekta skal senda eftirlitsaðila jafnóðum og þær liggja fyrir.

### 4.2 Mælingar og vöktun vegna starfseminnar

Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í gr. 3.6 og 3.7 nema mælingar á PAH sem skulu fara fram sbr. gr. 4.3. Verklag eða tæknilegar lausnir skulu vera fyrir hendi til að fylgjast með virkni

reykhreinsivirkis, t.d. rifnum pokum. Útstremishraða úr skorsteini skal mæla samhliða rykmælingu. Mælingar skulu fara fram þegar stöðin er í eðlilegum rekstri. Auk þess skal mæla olíu í fráveituvatni, að lágmarki á hverju ári en oftar ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.7 og 3.8 séu uppfylltar. Niðurstöðurnar skal senda eftirlitsaðila innan mánaðar frá mælingum.

Á a.m.k. sex mánaða fresti skal yfirlifara virkni olíuskilju og tæma sandfang/sandföng og skilju eftir þörfum, sbr. kröfur í gr. 3.7.

Umhverfisstofnun getur krafist úttektar á hávaða (sjá gr. 3.10), gefist tilefni til.

Mælingar skulu vera gerðar samkvæmt stöðluðum mæliaðferðum.

#### **4.3 PAH-mælingar**

Rekstraraðila er ekki skyld að láta fara fram PAH-mælingar nema heimild í gr. 3.5 sé notuð. Ef heimildin er notuð skal mæla PAH að minnsta kosti á fjögurra ára fresti. Umhverfisstofnun er þó heimilt að gefa leyfi til að draga frekar úr tíðni mælinganna ef eingöngu er notuð köld innmötun. Mælingar skulu miða við að verið sé að framkvæma endurnýtingu malbiks þegar mælingin fer fram. Einnig gilda ákvæði í gr. 2.9 um mælitíðni.

Fyrsta mæling á PAH skal fara fram innan 18 mánaða frá útgáfu þessa starfsleyfis.

#### **4.4 Eftirlit með rykmyndun á lóð**

Rekstraraðili skal setja upp myndavélaeftirlit sem gefur góða hugmynd um rykmyndun á svæðinu og sýna þannig mengunarástand lóðar, auk þess að beinast að útblæstri skorsteins. Eftirlitsaðili skal hafa aðgang að upptökum í allt að tvær vikur eftir að upptaka fer fram. Við meðhöndlun á upptökum skal gæta að lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

#### **4.5 Umsjón mælinga**

Allar mælingar sem starfsleyfi þetta kveður á um eru á kostnað og ábyrgð rekstraraðila.

#### **4.6 Vöktun umhverfis**

Rekstraraðili skal taka þátt í sameiginlegri umhverfisvöktun á starfssvæðinu ef henni verður komið á á gildistíma starfsleyfisins. Rekstraraðili skal greiða sinn hlut í rannsóknum á mengun eða sameiginlegri umhverfisvöktun eða einstökum vöktunarþáttum sem stafa af losun sem rekja má til stöðvarinnar í samræmi við umfang losunarinnar.

#### **4.7 Umhverfisupplýsingar**

Rekstraraðili skal skila árlega, skv. ákvæðum reglugerðar, til Umhverfisstofnunar umhverfisupplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

## 5. GJALDSKYLDA

Starfsemin er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka II, lið 3. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í IX. viðauka, lið 3.

Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

## 6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 31. mars 2037.

Starfsemin er ekki heimil án starfsleyfis og rekstraraðila ber að sækja tímanlega um nýtt starfsleyfi ef halda á rekstrinum áfram þegar gildistími leyfisins rennur út.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

**Reykjavík 31. mars 2021**

Sigrún Ágústsdóttir  
forstjóri

Sigurður Ingason  
sérfræðingur

## Viðauki

### *Yfirlit yfir skiladaga*

Í eftirfarandi greinum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Gr. 1.4: Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila þegar ákvörðun liggur fyrir þannig að taka megi út frágang.
- Gr. 1.5: Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu hafi rekstur malbikunarstöðvarinnar legið niðri í mánuð eða lengur af öðrum ástæðum en reglubundinni rekstrarstöðvun um vetur og tíðarfari.
- Gr. 4.7: Skila skal niðurstöðum umhverfisupplýsinga árlega, skv. ákvæðum reglugerðar.
- Niðurstöður hávaðamælinga og/eða úttekta skal senda eftirlitsaðila jafnóðum og þær liggja fyrir.
- Niðurstöður vegna mælinga sbr. gr. 3.6 og 3.7, skal senda eftirlitsaðila innan mánaðar frá mælingum.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

## Fylgiskjal

### Greinargerð vegna vinnslu starfsleyfis fyrir starfsstöð Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbær Colas hf. Gullhellu, Hafnarfirði

#### 1. Almennt

Starfsleyfi þetta gerir ráð fyrir óbreyttri starfsemi í stöðinni en hún hefur verið staðsett um árabil á þessum sama stað. Starfsemin felst í að framleiða malbik og dreifa því.

Ástæða þess að sótt var um nýtt starfsleyfi fyrir stöðina er sú að gildistími eldra starfsleyfis var að renna út.

Grunnástandsskýrsla um jarðvegs- og grunnvatnsmengun liggur fyrir um stöðina í tengslum við hið nýja starfsleyfi og var á meðal gagna sem auglýst voru á auglýsingatíma.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi undir nafninu Colas Ísland hf. Þar sem gert var ráð fyrir að nafnabreyting væri að eiga sér stað á fyrirtækinu. Nafnabreytingunni er hins vegar ekki lokið og er starfsleyfið gefið út á því nafni sem skráð er hjá Fyrirtækjaskrá.

#### 2. Umsagnir/athugasemdir við starfsleyfistillöguna

Starfsleyfistillaga var auglýst opinberlega á vefsíðu Umhverfisstofnunar á tímabilinu 9. febrúar til og með 9. mars 2021 og gafst á þeim tíma tækifæri til að koma með athugasemdir áður en ákvörðun um útgáfu starfsleyfisins yrði tekin. Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogs og Hafnarfjarðarbæ var sérstaklega gert viðvart um fram komna starfsleyfistillögu. Á vefsíðu Hafnarfjarðarbæjar var jafnframt birt tilkynning um tillöguna.

#### 3. Breytingar frá auglýstri tillögu

Engar umsagnir eða athugasemdir bárst um tillöguna á auglýsingatíma. Breytingar voru ekki gerðar frá auglýstri tillögu utan einfaldra leiðréttинга og að bætt var við greinargerð.

#### 4. Upplýsingar varðandi lög um mat á umhverfisáhrifum

Þar sem um starfsemi er að ræða sem er óbreytt og var með starfsleyfi fyrir, er ekki þörf á nýju mati á umhverfisáhrifum.

## 5. Gildistaka

Starfsleyfið er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Það öðlast þegar gildi og gildir til 31. mars 2037.